



Stjórnarfundur ÚÍA – 21. júlí 2020. kl, 17.30

Dagskrá

Mætt eru Halldór Bjarki Guðmundsson, Benedikt Jónsson, Gunnar Gassi Gunnarsson, Gunnar Gunnarsson sem byrjaði fundinn á síma og mætti síðan í eigin persónu, Pálína Margeirsdóttir.

- Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt samhljóða.

- Sumarhátíð

Mikið rætt um fjölda keppenda sem var lítill, (ca 120 þátttakendur) höfðum gert okkur vonir um góða mætingu þar sem fátt er í boði þetta sumarið. Hvað væri hægt að gera til að fá betri þáttöku, gera helgina það spennandi að fólk geri sér ferð með börnin. Hátíðin þetta árið var með færri keppendur heldur en í fyrra og er það mjög slakt, ljóst að ef þessi þróun heldur áfram verður þessi hátíð ekki mikið eldri.

Verðlaunaafhending gekk ágætlega en hún var með mjög breyttu sniði vegna Covid, allir fengu þáttökupening sem keppendur sóttu sér sjálfir á borð. Ef þessu verður haldið áfram það er að allir keppendur fái þáttökupening þá þarf að gera meira úr þessu samt, afhenda formlega og svoleiðis.

- TDO

Þáttaka mjög dræm ennþá en Gassi hefur heyrt í fólki á Akureyri sem telur að skráningum að norðan eigi eftir að fjölga og einnig gerum við okkur vonir um að heimamenn eigi eftir að skrá sig. Einungis 7 skáningar komnar í hús sem er alls ekki gott, Bláalónshjólaturinn sem átti að vera í júní var frestað og fært yfir á sama dag og við verðum. Þurfum að halda áfram að reyna að gera TDO eins sýnilegan og við getum.

- Sambandsþing

Höldum okkur við þau plön okkar að halda þingið þann fimmtudaginn 27 ágúst frá kl. 18:00 -21:00 á Seyðisfirði, dagskráinn verður með styttra móti þetta árið, en þingið

átti að halda í vor sem leið.

- Ársreikn endanleg niðurstaða
- Önnur mál.
- Næsti fundur áætlaður 18 ágúst strax á eftir TDO og finn tími til að hnýta lausa enda fyrir þing.
- Forsvarsmenn Þristar óskuðu eftir fundi vegna mála er varða Lottó-tekjur og fleiri atriði, Gunnar Gassi Gunnarsson og Gunnar Gunnarsson formaður fóru og hittu þá. Ýmislegt komið í ljós og verður unnið með málið áfram og reynt veður að koma á sætti milli aðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:00. Fundagerð ritaði Pálína Margeirsdóttir